Námsáætlun 8-9. bekkur Heimilisfræði

Námsgrein Heimilisfræði

Mínútur á viku 120.mín

Kennsluaðferðir og skipulag:

Sjaldan hefur haldgóð þekking og færni í heimilisstörfum verið eins mikilvæg og einmitt í dag. Börn og unglingar fá sífellt ný tilboð um fljótvirkara og einfaldara líf sem að ganga sjaldnast eftir. Þetta kallar á enn betur upplýstari einstaklinga sem að þekkja þarfir sínar og takmörk. Heimilisfræði er ein þeirra greina sem að býr nemendur undir daglegt líf í heiminum sem að verður flóknari með hverjum deginum. Þetta á ekki hvað síst við í heimilisfræði en þar fá nemendur fræðslu í ýmsu því sem viðkemur heimilishaldi, heimilisrekstri, matargerð, matvælaöryggi og næringarfræði. Skólinn er stoltur af því að kenna nemendum í öllum árgöngum að umgangast mat og næringu af virðingu og áhuga. Lögð er áhersla á útikennslu í öllum greinum og er heimilisfræðin engin undantekning. Þannig er náttúran og náttúruupplifunin gerð hluti af náminu og námsumhverfinu. Unnið er með fjölbreytt tæki og fjölbreyttar námsaðferðir bæði inni og úti. Lögð er áhersla á að kenna næringar og efnisfræði við hvert tækifæri enda skilar sú vinna sér í öruggari og ábyrgari neytendum og einstaklingum. Mikið er lagt upp úr matvælaöryggi bæði í kennslu og við vinnuna og ávalt reynt að velja hollasta hráefnið hverju sinni.

Matið byggist á: Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Einnig er símat yfir önnina

Smáraskóli

Námsáætlun 8-9. bekkur Heimilisfræði

Kennsluaðferðir og skipulag Í heimilisfræði fer fram verkleg kennsla og sýnikennsla. Mikið er lagt upp úr umræðum nemendanna um námsefnið og hópavinnu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti unnið sjálfstætt og vinni með gleði og jákvæðu hugarfari.

Námsmat: **Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma. Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið. Einnig er símat yfir önnina**

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Nemandi getur: **-Valið og notað á réttan hátt helstu áhöldi og mælitæki í heimilisfræðistofunni** **-Sýnt fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð** **Þekki muninn á hollu og óhollu mataræði** **þekki hætturnar í eldhúsinu**	**Nemendur læri:** **✓ að fara eftir leiðbeiningum um hreinlæti** **✓ þrif tengd eldhússtörfum.** **✓ heiti eldhúsáhalda og notagildi þeirra.** **✓ að útbúið einfaldar og hollar máltíðir.** **✓ Leggja á borð og sitja saman til borðs.**	**Bækur Verkefnablöð Spjaldtölvu Námsbækurnar: Næring og lífshættir, Heimilisfræði fyrir unglingastig og ýmis ljósrituð verkefni. Upplifun á námsefninu og umræður.** **Verkefni valin af netinu af nemendum fyrir ákveðna tíma og geymd á portfoliu.**	**Símat:** **- Verkefni** **- hegðun** **- viðhorfi** **- vinnusemi** **- samvinna** **- samskipti** **- sköpun** **- umgengni**

Námsáætlun 8-9. bekkur Heimilisfræði

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	• lesi og vinni með fjölbreyttar bækur í þágu heimilisfræðinnar • fái þjálfun í að lesa sér til gagns svo nýtist í daglegu lífi • geti aflað sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt og nýtt sér mismunandi miðla og tækni til matargerðar og baksturs
Sjálfbærni:	• fái tækifæri til að takast á við álitamál og ágreiningsefni hvað varðar umhverfi sitt og náttúru
Heilbrigði og velferð:	• fái tækifæri til að velja viðfangsefni eftir áhugasviðum og njóta þannig styrkleika sinna.
Lýðræði og mannréttindi:	• æfist í að koma skoðunum sínum og hugsunum til skila á skýran hátt. • efli áhuga og ábyrgð á eigin námi.
Jafnrétti:	• vinni með öðrum og læri að virða skoðanir og sjónarmið annarra í hópavinnu í heimilisfræði
Sköpun:	• fái tækifæri til að sýna eigin sköpun og listhæfileika til matargerðar og baksturs • vinni verkefni á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Smáraskóli

Námsáætlun 8-9. bekkur Heimilisfræði